

Dags eftirlits	20.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	HULA bs.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Austurvegur 17	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4306972269	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Freyr Elínarson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlit og varða þau urðun umfram heimildir, ekki lá fyrir fullnægjandi fjárhagsleg trygging, auka þarf kröfur starfsleyfis til verndar grunnvatns, bæta þarf úr skráningum og heildarstyrkur köfnunarefnis mældist yfir umhverfismörkum í grunnvatnsbrunnum neðan urðunarstaðar.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Byggðasamlagsins Hulu á Skógarsand í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Síðast var gerð breyting á starfsleyfi rekstraraðila árið 2019 en upphaflega var það gefið út árið 2014. Gildistími starfsleyfis er til 14. febrúar 2030. Í starfsleyfi er heimild til að taka á móti og urða allt að 400 tonn af úrgangi á ári, þó aldrei meira en 10 tonn á dag.

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Núverandi staða frávíka
- Starfsleyfi og kröfur
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Önnur mál
- Skoðunarferð á urðunarstað

1. Opin eru eldri frávik. Varðar eitt frávikíð urðun umfram heimildir. Á Skógasandi hefur verið urðað umfram heimildir á urðunarstað Hulu bs. árin 2016, 2018, 2019, 2020, 2021, 2022, 2023 og árið 2024. Rekstraraðili hyggst leggja fram matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar vegna áforma rekstraraðila um að sækja um breytingu á starfsleyfi.

Rekstraraðili sótti um breytingu á starfsleyfi árið 2021 og óskaði eftir breytingu á heimild til urðunar upp að 700 tonnum á ári, en þann 28. mars sl. var umsókninni hafnað af Umhverfis- og orkustofnun þar sem ekki lágu fyrir öll tilskilin gögn.

Í eftirliti ársins 2024 komu einnig fram þrjú önnur frávik sem varða að ekki var viðbragðsáætlun til staðar sem byggð er á áhættumati vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili hefur gert grein fyrir fyrirkomulagi úrbóta vegna þess í erindi sínu sem barst Umhverfis- og orkustofnun eftir eftirliti. Samkvæmt rekstraraðila er unnið að viðbragðsáætlun og var áætlað að skila henni í september, ekki stóðst áætlaður tímafrestur. Tvö opin eldri frávik vörðuðu ófullnægjandi skil á skráningum og að skilafrestur var ekki virtur við skil á skráningum. Ekki er hægt að ljúka frávikinu fyrr en skráningar samræmast starfsleyfi. Ekki var skilað upplýsingum um sigmælingar vegna ársins 2024 og hafa þær mælingar ekki verið framkvæmdar, er því frávikinu ólokið. Í eftirliti var fjallað um að bæta þurfi úr skráningum vegna móttækin úrgangs og þurfa þær að vera í samræmi við rg. nr 1040/2019 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Skráningum vegna ársins 2024 var skilað þann 31. janúar sl. og var skilafrestur ársins virtur og er því hægt að loka því frávik.

2. Farið var yfir kröfur í starfsleyfi.

3. Niðurstöður á vöktunarmælingum grunnvatns vegna ársins 2024 benda til þess að grunnvatnið sé undir áhrifum frá urðunarstaðnum. Í mælibrunni SKS-1 (neðan urðunarstaðar), mælist heildarstyrkur köfnunarefna yfir umhverfismörkum (ofauðugt), mörkin eru 2,5 mg N/l. Árið 2024 mældist styrkur þess 4,06 mg N/l (mæling í okt) og 2,65 (mæling í apríl). Einnig mælist styrkur köfnunarefnis yfir efstu umhverfismörkum í SKS-0 (mæling í okt). Til

viðmiðunar, ef þær niðurstöður eru bornar saman við brunn SKS- 2 (ofan urðunarstaðar) liggja umhverfismörkin í flokki III. Þörf er á að breyta vöktunaráætlun grunnvatns þannig að hún endurspegli frekar þau gildi sem sett hafa verið fyrir grunnvatn í III viðauka, B- hluta, kafla nr. 2.3.4 um viðmiðunargildi fyrir mengunarvalda í grunnvatni og mengunarvísa sbr. rg. nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, skulu öll vatnshlot uppfylla þau umhverfismarkmið sem sett eru fyrir þau. Við gerð starfsleyfis var lagt fram áhættumat sem sýndi fram á að jarðvegi, grunnvatni og yfirborðsvatni stafi ekki hættu af urðun miðað við þær aðstæður og forsendur sem lagðar voru fram við útgáfu þess sbr. I viðauka, gr. 3.4 í rg. 738/2003 um urðun úrgangs.

4. Í eftirliti lagði rekstraraðili fram afrit af ábyrgðartryggingu út frá lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Óskað var eftir yfirliti um fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja út frá lögum 55/2003. Eftir eftirlit sendi rekstraraðili afrit af ábyrgðaryfirlýsingu, en þótti hún ekki fullnægjandi og var hann beðinn um að uppfæra hana og skila inn nýrri fullnægjandi yfirlýsingu.

5. Samhliða eftirliti hefur áhættumat rekstraraðila verið uppfært miðað við núverandi stöðu og hafa viðmið um tíðni eftirlits aukist hjá rekstraraðila. Áhættumat byggist á 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

6. Fjallað var um breytingu á rg. nr. 990/2008 um útstreymisbókhald, sbr. breytingareglugerð 206/2025, og ber hún nú nafnið reglugerð um umhverfisupplýsingar. Reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald er á sama tíma felld úr gildi. Mikilvægt er að rekstraraðili kynni sér vel þær breytingar fyrir næstu skil. Fjallað var um breytt fyrirkomulag eftirlita frá Umhverfis- og orkustofnun og voru einnig kynntar nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur, en erindi um hvoru tveggja fylgdi fundarboði eftirlits.

7. Rétt er að taka fram að sbr. lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þá eru móttökustöðvar fyrir úrgang sem ekki eru reknar í nánum landræðilegum tengslum við förgunarstaði (urðunarstaði), starfsleyfisskyld starfsemi hjá heilbrigðisnefndum en Umhverfis- og orkustofnun gefur út starfsleyfi fyrir urðun (sbr. frekari viðmið umræddra laga) .

8. Farið var í skoðun inn á urðunarstað og ekki er tilefni til athugasemda.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

frá grein 1.2. í starfsleyfi:

Heimilt er að taka á móti og urða allt að 400 tonn af úrgangi á ári. Árið 2024 voru urðuð 1.621 tonn á urðunarstað Hulu bs. við Skógasand.

grein 2.12 í starfsleyfi:

Rekstraraðili skal leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal um lokunaraðgerðir og eftirlit í kjölfar lokunar urðunarstaðarins, sbr. 41 gr. laga nr. 55/2003. Skal tryggingin gilda í 30 ár eftir að urðunarstaðnum hefur verið lokað. Slík trygging lág ekki fyrir við eftirlit.

grein 3.2 í starfsleyfi:

Vísast í niðurstöðu vöktunar á grunnvatni. Leiði niðurstöður eftirlitsmælinga í ljós mengun í grunnvatni verður útgefandi starfsleyfis að fara yfir þær kröfur sem koma fram í þessari grein og skoða hvort ástæða sé til að auka þær til samræmis við 3.gr. í I viðauka í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Vísast einnig í niðurstöður vöktunar í megintexta skýrslunnar.

frá gr. 5.1 í starfsleyfi:

Rekstraraðila ber að framkvæma og skrá árlega breytingu á umfangi urðaðs úrgangs (sigmælingar) sbr. 4. tölul. starfsleyfis. Engar mælingar hafa verið gerðar á urðunarstaðnum á Skógasandi. Bæta þarf einnig úr skráningum vegna móttækis úrgangs til urðunar og samræma við rg. nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

gr. 5.3 í starfsleyfi:

Í mælibrunni SKS-1 (neðan urðunarstaðar), mælist heildarstyrkur köfnunarefna yfir efstu umhverfismörkum (ofauðugt). Mörkin eru 2,5 mg N/l en árið 2024 mælist styrkur þess 4,06 mg N/l (mæling í okt) og 2,65 (mæling í apríl). Einnig mælist styrkur köfnunarefnis yfir efstu umhverfismörkum í SKS-0, þ.e. 2,95 mg N/l.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir